



# Heilbrigðisstofnun Norðurlands

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2017



RÍKISENDURSKOÐUN

Mars 2019



# Efnisyfirlit

1	Inngangur .....	3
2	Niðurstöður og ábendingar .....	4
3	Viðbrögð við athugasemdum .....	5
4	Fjárveitingar og rekstur .....	6
4.1	Fjárveitingar .....	6
4.2	Rekstrarátætlun.....	6
4.3	Niðurstaða.....	7
5	Innra eftirlit.....	8
5.1	Inngangur .....	8
5.2	Umfjöllun .....	8
5.2.1	Tekjur .....	8
5.2.2	Launagjöld.....	8
5.2.3	Rekstrargjöld.....	9
5.2.4	Aðgangsmál og bókhaldskerfi .....	9
5.3	Niðurstaða.....	9
6	Fylgni við lög og reglur.....	10
6.1	Inngangur .....	10
6.2	Umfjöllun .....	10
6.2.1	Hvammur, dvalarheimili aldraðra sf. ....	10
6.2.2	Ferðakostnaður.....	10
6.2.3	Opinber innkaup .....	11
6.2.3	Innkaupakort.....	11
6.2.4	Styrkir.....	11
6.2.5	Virðisaukaskattur .....	11
6.3	Niðurstaða.....	11
7	Endurskoðun efnahagsliða .....	12
7.1	Eignir .....	12
7.1.1	Fastafjármunir.....	12
7.1.2	Birgðir.....	12
7.1.3	Vörslufé.....	13
7.1.4	Skammtímakröfur .....	13
7.1.5	Ríkissjóður vegna orlofsskuldbindinga.....	13
7.1.6	Inneign hjá ríkissjóði .....	13
7.1.7	Handbært fé.....	13
7.2	Eigið fé og skuldir .....	14
7.2.1	Höfuðstóll og framlag til eignamyndunar .....	14
7.2.2	Ógreidd laun, launaleiðrétting.....	14
7.2.3	Skammtímaskuldir .....	14
7.2.4	Orlofsskuldbinding.....	14
7.2.5	Frestun tekjufærslu vegna fjárfestingaheimilda .....	14
7.3	Niðurstaða.....	15
8	Önnur atriði .....	16
8.1	Staðfestingarbréf stjórnenda .....	16
8.2	Lögfræðibréf .....	16
8.3	Óhæðisyfirlýsing.....	16
8.4	Umfang endurskoðunar, yfirlýsing.....	16

# 1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Heilbrigðisstofnunar Norðurlands fyrir árið 2017.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi stofnunarinnar og öðrum upplýsingum stjórnenda. Vakin er athygli á því að stjórnendur stofnunarinnar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðunandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Ársreikningur Heilbrigðisstofnunar Norðurlands var síðast endurskoðaður 2016.

## 2 Niðurstöður og ábendingar

Endurskoðun ársreiknings Heilbrigðisstofnunar Norðurlands fyrir árið 2017 er lokið. Helstu ábendingar eru eftirfarandi:

### 1. Samskipti við Hvamm, dvalarheimili aldraðra

Í samningi milli Heilbrigðisstofnunar Norðurlands (HSN) og Dvalarheimilis aldraðra í Þingeyjarsýslum (DA) dags. 9. október 2018 er kveðið á um að forstjóri HSN sé yfirmaður fjárreiðna DA og Hvamms sem beri ábyrgð gagnvart stjórn félaganna á fjárreiðum og bókhaldi. Forstjóri HSN er jafnframt framkvæmdastjóri DA. Að mati ríkisendurskoðanda fer það ekki saman að sami einstaklingur gegni báðum þessum stjórnunarstöðum hjá stofnunum sem eiga í miklum samskiptum og semja sín á milli um fjárhagsleg málefni stofnananna. Forstjóri HSN telur að með fyrirkomulaginu fái fjárhagslegt hagræði milli eininga ásamt því að þeir sem njóta þjónustunnar fái hana á réttum stað. Stefnt sé að því, með byggingu nýs hjúkrunarheimilis, að þessi starfsemi færist á eina hendi. Eftir sem áður er það mat ríkisendurskoðanda að það fari ekki saman að forstjóri HSN, sem fær fjárveitingu úr ríkissjóði sé jafnframt framkvæmdastjóri DA, sem er í eigu sveitarfélaga, í ljósi fjárhagslegra viðskipta milli þessara stofnana. Í samstarfi stofnananna þarf að tryggja hagsmuni hvorrar stofnunar um sig. Bent er á að það fyrirkomulag, að sami einstaklingur sé yfirmaður beggja stofnana, hefur ekki verið staðfest af þar til bæru stjórnvaldi.

### 2. Samningar – málaskrá

Mikilvægt er að upplýsingar um samninga við aðila innan og utan stjórnarsýslunnar sem liggja til grundvallar innheimtu tekna séu vistaðir í málaskrá til að tryggja að reikningar séu gerðir á grundvelli þeirra.

### 3. Innkaup

Ganga þarf frá innkaupastefnu og verklagsreglum varðandi innkaup hjá Heilbrigðisstofnun Norðurlands og skjalfesta þær með viðunandi hætti.

### 4. Birgðatalning

Gerð er athugasemd við birgðatalningu í árslok 2017 en talningablöð eru hvorki undirrituð af þeim sem telur né yfirmanni, til staðfestingar á að talningin hafi verið gerð og yfirfarin.

### 5. Viðskiptakröfur og -skuldir

Heilbrigðisstofnun Norðurlands er hvött til að yfirfara eldri kröfur og eldri skuldir og gera viðeigandi ráðstafanir.

### 6. Bankareikningar

Mikilvægt er að farið sé yfir prókúrum vegna allra bankareikninga sem stofnunin hyggst nota.

### 7. Aðgangsheimildir

Ástæða er til að taka aðgangsheimildir að einstökum kerfishlutum fjárhagskerfisins til frekari skoðunar. Í einhverjum tilvikum þarf að breyta aðgangi starfsmanna til að auka öryggi skráningar í fjárhagskerfið.

### 3 Viðbrögð við athugasemdum

Eftirfarandi viðbrögð bárust frá Heilbrigðisstofnun Norðurlands vegna ábendinga sem gerðar eru vegna endurskoðunar ársins 2017 í þessari skýrslu, sjá niðurstöður í kafla 2.

#### 1. Samskipti við Hvamm, dvalarheimili aldraðra

Stofnunin mun leita skriflegrar staðfestingar hjá heilbrigðisráðuneyti fyrir endurbættum samningi um stjórnun Dvalarheimilis aldraðra í Þingeyjarsýslum. Stofnunin mun breyta samningi um stjórnun Hvamms þannig að ákvæði séu um skýr skil milli bókhalds, fjárreiðna og framkvæmdastjórnar. Þá er stefnt á að þessu samstarfi ljúki þegar nýtt hjúkrunarheimili mun taka til starfa á Húsavík innan þriggja ára.

#### 2. Aðrar ábendingar

Heilbrigðisstofnun Norðurlands þakkar þær ábendingar sem koma fram í skýrslunni og mun ganga í að bæta úr þar sem athugasemdir eru gerðar.

## 4 Fjárveitingar og rekstur

### 4.1 Fjárveitingar

Fjárveitingar<sup>1</sup> ársins 2017 til Heilbrigðisstofnunar Norðurlands námu 4.797,5 m.kr. eins og fram kom í fylgiriti með fjárlögum. Við þær bættust 39,5 m.kr. launabætur, 118,9 m.kr. voru millifærðar til stofnunarinnar af öðrum fjárlagaliðum og framlag til afskrifta nam 39,0 m.kr. Til frádráttar kom lækkun framlags vegna fjárfestingar ársins 81,0 m.kr. Heildarfjárveiting nam því 4.913,9 m.kr. Gjöld að frádregnum sértekjum námu samtals 4.954,0 m.kr. og voru því 40,1 m.kr. hærrí en fjárveitingar ársins. Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárveitingum og rekstri á árinu 2017:

Í þús. kr.	Fjárveiting 2017	Rekstur 2017	Frávik 2017	Rekstur 2016
Sértekjur	-331.000	-625.373	294.373	-560.180
Launagjöld	3.447.600	4.020.846	-573.246	3.674.151
Önnur rekstrargjöld	1.735.959	1.519.551	216.409	1.432.018
Eignakaup, fyrningar	61.335	38.962	22.373	51.719
Samtals	4.913.894	4.953.986	-40.092	4.597.708

Frávik frá fjárveitingum komu fram á öllum liðum. Bent er á innbyrðis ósamræmi í fjárveitingum og á rekstrarliðum sem þarf að skoða nánar. Æskilegt er að færa skiptingu fjárveitinga nær raunkostnaði og rauntekjum.

Á árinu voru gerðar grundvallarbreytingar á reikningshaldslegri meðferð varanlegra rekstrarfjármuna og eignakaupa. Í stað þess að gjaldfæra keyptar eignir á kaupári eru þær nú eignfærðar og afskriftir gjaldfærðar. Afskriftir ársins námu 39,0 m.kr.

### 4.2 Rekstraráætlun

Lögð er áhersla á að vandað sé til áætlanagerðar og að rekstraráætlun sé skráð í fjárhagskerfi ríkisins. Rekstraráætlun Heilbrigðisstofnunar Norðurlands var skráð í fjárhagskerfið fyrir árið 2017 og var áætlun í samræmi við fjárveitingar. Launakostnaður og annar rekstrarkostnaður reyndist þó hærrí en gert var ráð fyrir í rekstraráætlun

---

<sup>1</sup> Fjárveitingar, samkvæmt orðskýringum í 5. tl. 3. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015, eru ráðstöfun fjárheimildar á tilteknu fjárlagaári til ríkisaðila, verkefna eða varasjóðs en fjárheimild er heimild Alþingis, sem veitt er í fjárlögum og fjárukalögum, til ráðstöfunar á opinberu fé til málefnasviða og málaflokka.

### 4.3 Niðurstaða

Á árinu 2017 fór rekstur Heilbrigðisstofnunar Norðurlands 40,1 m.kr. fram úr fjárveitingum. Rekstraráætlanir eru skráðar í fjárhagskerfi ríkisins og frávikagreining er yfirfarin reglulega. Skoða þarf innbyrðis ósamræmi í flokkun rekstrarliða samkvæmt fjárveitingum annars vegar og rekstri hins vegar.



## 5 Innra eftirlit

### 5.1 Inngangur

Forstöðumaður Heilbrigðisstofnunar Norðurlands ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.

### 5.2 Umfjöllun

Greining og mat á innra eftirliti leiddi í ljós að enn vantar upp á að ýmsir verkferlar sem stuðla að virku innra eftirliti varðandi bókhald, fjármál og tölvumál séu fyrir hendi hjá stofnuninni. Til eru skráðir verkferlar um samþykkt reikninga, um tekjur vegna aðstöðugjalda lækna, um túlkun kjarasamninga lækna, um námsferðir lækna og starfsreglur um töku áunninna leyfa. Mannauðsstefna og skráning tekjuferils er í mótun.

Ný fjarvistastefna tók gildi í mars 2017 en fram að gildistöku hennar fór stofnunin eftir skráðri fjarvistastefnu heilsugæslunnar á Akureyri sem var frá árinu 2011. Starfslýsingar, þar sem kveðið er á um verkefni og ábyrgðarsvið eru til staðar fyrir starfsmenn stofnunarinnar og ákveðin verkaskipting er á milli forstjóra og fjármálastjóra.

#### 5.2.1 Tekjur

Tekjur Heilbrigðisstofnunar Norðurlands felast aðallega í árlegum fjárveitingum ríkisins auk endurgreidds kostnaðar og innbyrðis framlaga milli A-hluta stofnana. Hún hefur einnig tekjur af útleigu húsnæðis, vegna aðstöðu lækna og komugjöldum. Stofnunin gefur út formlega tekjureikninga þegar um er að ræða innheimtu á hlutdeild annarra í sameiginlegum kostnaði. Þá eru tekjur einnig innheimtar skv. fyrirliggjandi samningum með formlegum reikningum.

Í mörgum tilvikum liggja samningar við aðila innan og utan stjórnarsýslunnar til grundvallar innheimtu tekna og því mikilvægt að upplýsingar um samningana séu vistaðar í málaskrá til að tryggja að reikningar séu gerðir á grundvelli þeirra.

Vinna er í gangi varðandi tekjuberandi samninga, fundað er mánaðarlega og gert ráð fyrir að henni ljúki í febrúar/mars 2019. Verið er að yfirfara hvaða samningar eru virkir og uppfæra úrelta samninga.

#### 5.2.2 Launagjöld

Mannauðsstjóri samþykkir ráðningarsamninga og tilfallandi launagreiðslur ásamt því að sinna umsýslu gagna og skráningu í launakerfi. Mánaðarlega eru sendar út rekstrarskýrslur til stjórnenda með upplýsingum um laun og rekstur. Ef vart verður við frávik frá áætlun, hefst greining á þeim.

Launaflokkabreytingar eru settar á sérstök launaröðunarskjöl þar sem rökstuðningur fyrir launaröðun kemur fram. Launaröðunarskjöl eru í umsjón mannauðsfulltrúa og undirrituð af mannauðsstjóra.

### 5.2.3 Rekstrargjöld

Aðgreining starfa er til staðar við samþykkt og greiðslu reikninga. Samþykktarferli hjá Heilbrigðisstofnun Norðurlands er rafrænt og tveir stjórnendur koma að samþykkt reikninga. Fjármálastjóri fer mánaðarlega yfir rekstraruppgjör næstliðins mánaðar.

### 5.2.4 Aðgangsmál og bókhaldskerfi

Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins er notað fyrir vinnslu fjárhagsbókhalds og launaafgreiðslu. Stofnunin nýtir einnig viðeigandi kerfishluta fjárhagskerfisins eins og fyrir viðskiptaskuldir og eignaskráningu. Vinnustund er notuð fyrir skráningu á viðveru og fjarvistum starfsmanna. Tekjubókhaldskerfi ríkisins er notað fyrir viðskiptakröfur.

Þau tilmæli eru ítrekuð að stjórnendur fari reglulega yfir aðgangsstýringar og ábyrgðarsvið starfsmanna. Fara þarf yfir aðgang starfsmanna að einstökum kerfishlutum fjárhagskerfisins. Loka þarf aðgangi starfsmanna sem starfa ekki lengur hjá stofnuninni og í a.m.k. einu tilviki þarf að breyta aðgangi starfsmanns til að auka öryggi skráningar í fjárhagskerfið.

## 5.3 Niðurstaða

Mikilvægt er að upplýsingar um samninga við aðila innan og utan stjórnarsýslunnar sem liggja til grundvallar innheimtu tekna séu vistaðar í málaskrá til að tryggja að reikningar séu gerðir á grundvelli þeirra.

Taka þarf aðgangsheimildir að einstökum kerfishlutum fjárhagskerfisins til frekari skoðunar. Í einhverjum tilvikum þarf að breyta aðgangi starfsmanna til að auka öryggi skráningar í fjárhagskerfið.

## 6 Fylgni við lög og reglur

### 6.1 Inngangur

Fjárhagsendurskoðun tekur mið af því hvort rekstur stofnunar hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á. Fjallað er sérstaklega um fjárveitingar og rekstraráætlun í kafla 3. Eftirtaldir liðir voru teknir til skoðunar:

### 6.2 Umfjöllun

#### 6.2.1 Hvammur, dvalarheimili aldraðra sf.

Samningur um þjónustu sem Hvammur, heimili aldraðra, kaupir af stofnuninni rann út 31. desember 2012. Nýr samningur var undirritaður 9. október 2018. Í samningnum sem er milli Heilbrigðisstofnunar Norðurlands (HSN) og Dvalarheimilis aldraðra í Þingeyjarsýslum (DA) er kveðið á um að forstjóri HSN sé yfirmaður fjárreiðna DA og Hvamms og að hann beri ábyrgð gagnvart stjórn félaganna á fjárreiðum og bókhaldi. Forstjóri HSN er jafnframt framkvæmdastjóri DA. Að mati ríkisendurskoðanda fer það ekki saman að sami einstaklingur sé bæði framkvæmdastjóri Dvalarheimilis aldraðra og forstjóri Heilbrigðisstofnunar Norðurlands, þar sem stofnanirnar eiga í miklum samskiptum og viðskiptum og semja sín á milli um fjárhagsleg málefni.

Að sögn forstjóra stofnunarinnar er hægt að ná fram fjárhagslegu hagræði milli eininga með fyrirkomulaginu. Þá sé betur hægt að tryggja að þeir sem njóta þjónustunnar fái hana á réttum stað. „Áður en þetta samstarf hófst þá var það tilviljun háð hvort sjúklingar fengu pláss hjá Heilbrigðisstofnunni eða Hvammi. Nú er þessu háttað þannig að sjúklingar með heilabilun liggja á Heilbrigðisstofnunni, hinir á Hvammi. Þessum breytingum var ekki hægt að ná fram þegar stofnanirnar lutu ekki sömu stjórn. Þannig að ástæða samstarfsins er ekki síður faglegt en fjárhagslegt. Stefnt er að því að með byggingu nýs hjúkrunarheimilis færist þessi starfsemi á eina hendi.“

Þrátt fyrir ofangreind rök forstjóra Heilbrigðisstofnunar Norðurlands, er það mat ríkisendurskoðanda að það fari ekki saman að forstjóri Heilbrigðisstofnunar Norðurlands, sem fær fjárveitingu úr ríkissjóði sé jafnframt framkvæmdastjóri Dvalaheimilis aldraðra sf., sem er í eigu sveitarfélaga í ljósi fjárhagslegra viðskipta milli þessara stofnana. Tryggja þarf hagsmuni hvorrar stofnunar um sig í samstarfi þeirra.

#### 6.2.2 Ferðakostnaður

Samkvæmt athugunum á úrtaki ferðareikninga er reglum um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins fylgt og það á einnig við um uppgjör slíkra ferða. Umsóknir og uppgjör vegna ferða fer nær eingöngu í gegnum ferðauppgjörskerfi fjárhagskerfisins.

### 6.2.3 Opinber innkaup

Stuðst er við ákveðnar verklagsreglur við innkaup stofnunarinnar. Varðandi lyfjakaup er stuðst við innkaupastefnu frá Heilbrigðisstofnun Þingeyinga. Ganga þarf frá innkaupastefnu og verklagsreglum varðandi innkaup hjá Heilbrigðisstofnun Norðurlands og skjalfesta þær með viðunandi hætti.

### 6.2.3 Innkaupakort

Innkaupakort eru notuð hjá stofnuninni, samtals 17 kort á fimm starfsstöðvum hennar. Úttektarheimildir hvers og eins eru skráðar. Fjöldi innkaupakorta í umferð helgast af því hve stofnunin er víðfeðm landfræðilega og nauðsyn þess að tilteknir starfsmenn á hinum ýmsu starfsstöðvum geti sinnt innkaupum fyrir starfsstöð sína.

### 5.2.4 Styrkir

Hjá Heilbrigðisstofnun Norðurlands voru einungis veittir námsstyrkir til starfsmanna árið 2017. Styrkir sem námu samtals 1,2 m.kr. voru gjaldfærðir á því tímabili sem formleg ákvörðun um styrkveitinguna var tekin.

### 6.2.5 Virðisaukaskattur

Bókun og kóðun færslna reikninga sem bera VSK eru í samræmi við fyrirmæli Fjársýslu ríkisins. Inneign vegna endurgreiðslu VSK færast reglulega til eignar á viðeigandi tegundalykil og sótt um endurgreiðslu vegna þessa hjá RSK.

## 6.3 Niðurstaða

Gerð er athugasemd við það að forstjóri Heilbrigðisstofnunar Norðurlands sé einnig framkvæmdastjóri Dvalarheimilis aldraðra í Þingeyjarsýslum. Þessar tvær stofnanir eiga í miklum samskiptum og viðskiptum og semja sín á milli um fjárhagsleg málefni stofnananna. Forstjóri stofnunarinnar segir að með fyrirkomulaginu fáiast bæði fjárhagslegt og faglegt hagræði milli eininga. Ríkisendurskoðandi telur þó að það fari ekki saman að forstjóri Heilbrigðisstofnunar Norðurlands, sem fær fjárveitingu úr ríkissjóði sé jafnframt framkvæmdastjóri Dvalaheimilis aldraðra sf., sem er í eigu sveitarfélaga í ljósi fjárhagslegra viðskipta milli þessara stofnana. Tryggja þarf hagsmuni hvorrar stofnunar um sig í samstarfi þeirra.

Ganga þarf frá innkaupastefnu og verklagsreglum varðandi innkaup hjá Heilbrigðisstofnun Norðurlands og skjalfesta þær með viðunandi hætti.

## 7 Endurskoðun efnahagsliða

Í árslok 2017 námu eignir 697,4 m.kr., sjá neðangreint yfirlit, skuldir námu 754,7 m.kr., og eigið fé var neikvætt um 57,3 m.kr.

Í þús.kr.	31.12.2017	1.1.2017	Breyting
<b>Eignir:</b>			
Áhöld og búnaður	225.293	179.451	45.841
Birgðir	24.489	27.409	-2.920
Vörslufé	18.767	0	18.767
Skammtímakröfur	76.849	184.113	-107.263
Ríkissjóður vegna orlofsskuldbindinga	304.514	304.514	0
Inneign hjá ríkissjóði	26.442	0	26.442
Handbært fé	21.021	16.336	4.685
<b>Eignir alls</b>	<b>697.376</b>	<b>711.823</b>	<b>-14.447</b>
<b>Eigið fé og skuldir:</b>			
Höfuðstóll	-63.599	-23.507	-40.092
Framlag til eignamyndunar	6.318	6.318	0
Vörslufé	18.767	0	18.767
Ógreidd laun, launaleiðrétting	27.462	0	27.462
Skammtímaskuldir	153.667	237.907	-84.241
Skuld við ríkissjóð	0	7.139	-7.139
Orlofsskuldbinding	329.468	304.514	24.954
Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda	225.293	179.451	45.841
<b>Eigið fé og skuldir alls</b>	<b>697.376</b>	<b>711.823</b>	<b>-14.447</b>

### 7.1 Eignir

#### 7.1.1 Fastafjármunir

Eignfærsla varanlegra rekstrarfjármuna er gerð frá og með árinu 2017 ásamt öðrum breytingum í kjölfar setningar laga um opinber fjármál nr. 123/2015 (LOF). Yfirlit yfir fastafjármuni var unnið hjá Fjársýslu ríkisins samkvæmt upplýsingum í eignakerfi fjárhagsbókhaldsins. Elstu skráðar eignir eru frá árinu 2007 og afskriftarhlutfall ársins 2017 var 10-33%. Tilvist eigna samkvæmt yfirlitinu var ekki staðfest við endurskoðun en forstjóri Heilbrigðisstofnunar Norðurlands samþykkti yfirlitið með áritun á stofnefnahagsreikning pr. 01.01.2017.

#### 7.1.2 Birgðir

Birgðir voru metnar á 24,5 m.kr. í árslok 2017 og lækkaði birgðamatið um 2,9 m.kr. frá fyrra ári eða um 10,7%. Gerð er athugasemd við birgðatalningu en talningablöð voru hvorki undirrituð af þeim sem telur né yfirmanni, til staðfestingar á að talningin hafi verið gerð og yfirfarin.

### 7.1.3 Vörslufé

Vörslufé nam 18,8 m.kr. í árslok 2017 en ekkert var um vörslufé í bókhaldi stofnunarinnar í árslok 2016. Mótbókun vegna vörslufjár kemur einnig fram skuldamegin í efnahagsreikningi. Það sem bókað er á vörslufé tilheyrir annars vegar þeirri starfseiningu sem áður var Heilbrigðisstofnun Sauðárkróks og samanstendur af tveimur gjafasjóðum, vegna sjúkráþjálfunar og sölu á minningarkortum, alls 18,2 m.kr. Hins vegar er bókað á vörslufé það sem tilheyrir endurhæfingasjóði 0,6 m.kr. Aðgreina þarf mismunandi vörslusjóði með kennitölumerkingu í bókhaldi.

### 7.1.4 Skammtímakröfur

Ýmsar skammtímakröfur námu 76,8 m.kr. í árslok 2017 og lækkuðu um 107,3 m.kr. frá fyrra ári. Lækkun krafna stafar að miklu leyti af lagfæringum í bókhaldinu. Vörslufé var fært úr skammtímakröfum og aðgreint í bókhaldi og kröfum og skuldum á kortafyrirtæki var jafnað út. Þrátt fyrir að unnið hafi verið að afstemmingum og lagfæringum í bókhaldi er Heilbrigðisstofnun Norðurlands hvött til að halda áfram að yfirfara eldri kröfur og gera viðeigandi ráðstafanir.

### 7.1.5 Ríkissjóður vegna orlofsskuldbindinga

Eignfærsla hjá ríkissjóði vegna orlofsskuldbindinga í stofnefnahagsreikningi þann 1. janúar 2017 er gerð samkvæmt fyrirætlum Fjársýslu ríkisins. Bent er á að á þessu stigi er ekki ljóst hvernig verður staðið að fjárveitingu til Heilbrigðisstofnunar Norðurlands til greiðslu á þessari kröfu og því verður að hafa fyrirvara varðandi eignfærslu.

### 7.1.6 Inneign hjá ríkissjóði

Viðskiptareikningur við ríkissjóð var í 26,4 m.kr. inneign í árslok 2017, en var 7,1 m.kr. skuld árið áður. Staðan batnaði þannig um 33,5 m.kr. frá árinu áður.

### 7.1.7 Handbært fé

Handbært fé nam 21,0 m.kr. í árslok 2017, það hafði hækkað um 4,7 m.kr. frá fyrra ári eða um 28,7%. Auk smásjóða var alls bókað á sex mismunandi bankareikninga, sem eru í tveimur viðskiptabönkum.

Einhverrar ónákvæmni gætir við bókun á tegundir sem varða handbært fé. Óskað var eftir staðfestingarbréfum frá banka og í þremur tilfellum bar stöðu í banka ekki saman við stöðu í bókhaldi.

Mikilvægt er að fara yfir prókúrir vegna allra bankareikninga sem stofnunin hyggst nota og það tryggt að þær séu í samræmi við ákvarðanir stofnunarinnar.

## 7.2 Eigið fé og skuldir

### 7.2.1 Höfuðstóll og framlag til eignamyndunar

Í árslok 2017 var uppsafnaður tekjuhalli stofnunarinnar á höfuðstól neikvæður um 63,6 m.kr. Staðan hefur versnað frá fyrra ári um 40,1 m.kr. eða sem svarar tekjuhalla ársins. Framlag til eignamyndunar er óbreytt frá fyrra ári eða 6,3 m.kr.

### 7.2.2 Ógreidd laun, launaleiðrétting

Skuld við starfsmenn vegna launa stafar eingöngu af leiðréttingu vegna afturvirkra kjarasamninga sem gerðir voru á árinu 2018. Leiðrétting vegna ársins 2017 var í flestum samningum frá 1. september 2017 til ársloka. Hún var gjaldfærð árið 2017 og greidd út þann 1. mars 2018.

### 7.2.3 Skammtímaskuldir

Ýmsar skammtímaskuldir námu 153,7 m.kr. Þar af voru 100,3 m.kr. ógreiddir reikningar í viðskiptaskuldakerfi fjárhagsbókhaldsins til greiðslu í byrjun árs 2017. Skammtímaskuldir lækkuðu á milli ára um 84,2 m.kr. Sú lækkun stafar að miklu leyti af lagfæringum í bókhaldinu. Jafnað var út kröfum og skuldum á kortafyrirtæki og vörslufé aðgreint í bókhaldi. Þrátt fyrir að unnið hafi verið að afstemmingum og lagfæringum í bókhaldi er Heilbrigðisstofnun Norðurlands hvött til að halda áfram að yfirfara skuldastöður og gera viðeigandi ráðstafanir.

### 7.2.4 Orlofsskuldbinding

Frá og með árinu 2017 er orlofsskuldbinding gjaldfærð í rekstrarreikningum stofnana í A-hluta til samræmis við lög um opinber fjármál. Á móti kemur skuldfærsla í efnahagsreikningi. Staðan var 329,5 m.kr. í árslok 2017 og hafði hækkað um 25,0 m.kr. frá fyrra ári. Orlofsskuldbinding er yfirfarin hjá Fjársýslu ríkisins.

### 7.2.5 Frestun tekjufærslu vegna fjárfestingaheimilda

Fyrirframgreiddar tekjur eða frestun tekjufærslu vegna fjárfestingaheimilda er einnig nýr skuldaliður í samræmi við lög um opinber fjármál. Fram til ársins 2017 voru kaup á eignum svo sem húsbúnaði, tækjabúnaði, tölvum og stærri eignum svo sem bifreiðum og fasteignum gjaldfærðar hjá stofnunum í A-hluta á kaupári og fjárveiting til kaupanna tekjufærð á sama ári.

Frá og með 2017 eru slík kaup eignfærð og reiknaðar árlegar afskriftir af eignunum. Fjárveitingar til kaupanna eru því færðar skuldamegin í efnahagsreikning að frádregnum þeim fjárveitingum sem eru færðar í rekstrarreikning á móti afskriftum.

Þessi liður hækkar um 45,8 m.kr. frá stofnefnahagsreikningi þann 1. janúar 2017 eða sem nemur kaupum á nýjum fastafjármunum upp á 84,8 m.kr. að frádregnum 39,0 m.kr. afskriftum.

## 7.3 Niðurstaða

Gerð er athugasemd við birgðatalningu í árslok 2017 en talningablöð eru hvorki undirrituð af þeim sem telur né yfirmanni, til staðfestingar á að talningin hafi verið gerð og yfirfarin.

Aðgreina þarf vörslufjárreikninga með kennitölumerkingu í bókhaldi.

Ónákvæmni gæti að einhverju leyti við bókun á tegundir sem varða handbært fé. Óskað var eftir staðfestingarbréfum frá banka og í þeim tilfellum bar stöðu í banka ekki saman við stöðu í bókhaldi. Mikilvægt er að farið sé yfir prókúrur vegna allra bankareikninga sem stofnunin hyggst nota og það tryggt að þær séu í samræmi við ákvarðanir stofnunarinnar.

Sú ábending er ítrekuð að setja þurfi Gjafasjóði Heilbrigðisstofnunarinnar á Sauðárkróki skipulagsskrá þar sem m.a. kemur fram tilurð sjóðsins, hvernig stjórn skal skipuð og hvernig fjármunum sjóðsins skal varið.

Heilbrigðisstofnun Norðurlands er hvött til að yfirfara eldri kröfur og skuldastöður og gera viðeigandi ráðstafanir.



## 8 Önnur atriði

### 8.1 Staðfestingarbréf stjórnenda

Staðfestingarbréf stjórnenda, sem sent var til stofnunarinnar af Fjársýslu ríkisins, var samþykkt og undirritað af forstjóra Heilbrigðisstofnunar Norðurlands 21. desember 2018.

### 8.2 Lögfræðibréf

Ekki var óskað sérstaklega eftir lögfræðibréfi, þar sem ekki kom fram lögfræðikostnaður í bókhaldi stofnunarinnar árið 2017 og samkvæmt upplýsingum forstöðumanns, meðal annars í staðfestingarbréfi stjórnenda, voru engin málaferli í gangi varðandi stofnunina.

### 8.3 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun hjá Heilbrigðisstofnun Norðurlands dags. 8. ágúst 2016.

### 8.4 Umfang endurskoðunar, yfirlýsing

Yfirlýsing um umfang endurskoðunar hjá Heilbrigðisstofnun Norðurlands var undirrituð af ríkisendurskoðanda og forstjóra Heilbrigðisstofnunar Norðurlands 18. ágúst 2016.

Í yfirlýsingunni er gerð grein fyrir ábyrgð og hlutverki hvors aðila varðandi reikningskil Heilbrigðisstofnunar Norðurlands.



Ríkisendurskoðun  
Bríetartúni 7 – 105 Reykjavík  
Sími 569-7100

[postur@rikisendurskodun.is](mailto:postur@rikisendurskodun.is) – [www.rikisendurskodun.is](http://www.rikisendurskodun.is)